

1870.

7. nóvbr.

Þér, herra stiptamtmaður, í fyr nefndu bræfi yðar hafið tekið til nafngreinda menn til nefndarinnar, og þar á meðal dannebrogsmann Jón Sigurðsson á Gautlöndum í Þingeyjarsýslu, verðum vèr að eins að geta þess, þaræð það að öðru leyti er á sjálfs yðar valdi, hverja þér setið í nefndina, að með því sjá má af bænarskrá frá nefndum Jóni Sigurðssyni til stjórnarráðsins, að fyrrum amtmaður í norður- og austurumdæminu Havstein hefir látið hefja lögsókn gegn honum útaf því, að hann sè grunaður um að hafa dregið undan nokkuð af tékjum ríkissjóðsins af Þingeyjarsýslu, þá er hann var settur þar sýslumaður árið 1861, er það vitaskuld, að ekki getur komið til umtals að kjósa hann í nefndina, fyr en hann sè dæmdur sýkn saka, eða þá málssóknin fallin niður.

Þess skal ennfremur getið, að stjórnarráðið þegar þar að kemur, samkvæmt sérstakri uppástungu, mun fúst á, að veita þeim nefndarmönnum, sem eiga ekki heima í Reykjavík, hæfilega fæðispeninga fyrir þann tíma, er þeir dveljast við þetta starf þar í bænum, og svo þeim nefndarmanni, sem semur undirstöðu-frumvarpið, slíka þóknun, sem samsvari fyrirhöfn hans og því, hvernig frá verkinu sè gengið; sendum vèr yður hér með til hagnýtingar handa nefndinni skjöl þau frá hinni íslenzku landbúnaðarnefnd, er sett var samkvæmt konungsúrskurði 23. apríl 1845, sem eru í vörzlum vorum, og eru þau talin á skrá þeirri, sem með fylgir; mælumst vèr til að fá þessi skjöl aptur, þegar búið er að nota þau, og sömuleiðis að fá vitneskju um þær ráðstafanir, sem þér gjörið, samkvæmt því, sem hér er ritað.

22. nóvbr.

**107. Brèf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur-
amtsins, um borgun fyrir flutning á betrunarhúss-
fang.**

Í sambandi við brèf stjórnarráðsins 29. ágúst þ. á. tilkynnum vèr hèreð amtinu, til leiðbeiningar, að hingað hefir borizt skilríki frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu um það, að samn-

ingur hafi verið gjörður milli hans og skipstjóra *S. Nielsen* um flutning betrunarhússfanga Guðna Jóhannesar Skeels frá Íslandi og hingað fyrir 30 rd. Jafnframt mælust vèr til, að amtið bendi tæðum sýslumanni á, að borgun fyrir flutning sakamanna frá Íslandi og hingað skuli, samkvæmt konungsúrskurði 25. septbr. 1816¹, reiknast eptir dagatölu, þannig, að 1 rd. sè borgaður fyrir hvern dag ferðarinnar, en að ekki megi semja um fast kaup fyrir alla ferðina.

1870.
22. nóvbr.

108. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á tillagi til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

22. nóvbr.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt beina leið, hefir Sæmundur prestur Jónsson að Hraungerði sókt um leyfi dómsmálastjórnarinnar, til þess að mega, þegar þar að kemur, borga hið árlega tillag sitt til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar hér í bænum í jarðabókarsjóðinn, þannig, að hin íslenska stjórnardeild aptur hlutist til um, að tillagið verði borgað lífsfjár- og framfærslustofnuninni á réttum gjalddaga.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það hlutaðeiganda, að stjórnarráðið getur ekki fengið við að sjá um borgun tillags sækjanda til nefndrar stofnunar, en á hinn bóginn virðist mega borga tillagið á þann hátt, að það sè í tækan tíma goldið í jarðabókarsjóðinn á venjulegan hátt, til þess það beinlínis verði borgað opt nefndri stofnun úr ríkisfjárhirzluinni hér í bænum.

¹) Lovsamling for Island VII., 623.